



Skýrsla um banaslys í umferðinni
Djúpvegur í Skötufirði 13.6.2013
Málsnr. 2013-U010



Rannsóknir Rannsóknarnefndar samgönguslysa miða að því að leiða í ljós orsakir slyss til að koma í veg fyrir að sams konar slys verði aftur. Markmið nefndarinnar er ekki að skipta sök eða ábyrgð heldur stuðla að auknu öryggi í samgöngum sbr. lög um Rannsóknarnefnd samgönguslysa nr. 18/2013.

Djúpvegur í Skötufirði 13.6.2013

Útafakstur

Látin, 66 ára kona

Samantekt

Slysið varð á Djúpvegi í Skötufirði sunnan við Hvítanes. Tvær konur, ökumaður og farþegi í framsæti voru á leið inn fjörðinn í suðurátt þegar ökumaðurinn missti stjórn á bifreiðinni og valt hún utan vegar. Ökumaðurinn lést en hann notaði ekki bílbelti og kastaðist út úr bifreiðinni. Vegna slyssins vill Rannsóknarnefnd samgönguslysa benda öikumönnum á mikilvægi viðbragða ef hjólbarði fer út fyrir slitlag. Ef hjól fer út fyrir slitlag er mikilvægt að öikumenn reyni að halda ró sinni og beygja rólega inn á slitlagið ef kostur er. Þá ítrekar nefndin mikilvægi þess að öikumenn noti bílbelti og miði ökuhraða við aðstæður.

Aðstæður

Veður og birta: Dagsbirta, logn, sólskin, þurr vegur.

Vegur: Bundið slitlag. Hámarkshraði 90 km/klst.

Tími sólarhrings: Dagur.

Ökutæki: Hyundai Getz, fólksbifreið.

*Rannsóknarnefnd umferðarslysa
Húsi Flugbjörgunarsveitarinnar
Flugvallavegi
101 Reykjavík*

Heimasíða:
www.rnsa.is

Tölvupóstfang:
rnsa@rnsa.is

Lýsing á slysi

Slysið varð á Djúpvegi í Skötufirði sunnan við Hvítanes. Tvær konur, ökumaður og farþegi í framsæti voru á leið inn fjörðinn í suðurátt, en þær höfðu skömmu áður stöðvað við Hvítanes. Þar sem slysið varð er vinstri beygja á veginum og skriðför eftir bifreiðina benda til að ökumaður hafi misst stjórn á henni út í hægri vegöxl en síðan beygt upp á veginn til vinstri. Bifreiðin fór yfir veginn skáhallt og út af vinstra megin. Þar valt bifreiðin en staðnæmdist á hjólunum tæplega 100 metra frá fyrstu ummerkjum um slysið. Þegar bifreiðin valt kastaðist ökumaðurinn út úr bifreiðinni og hlaut lífshættulega áverka. Hann var úrskurðaður látinn 2 klst. síðar. Hann notaði ekki bílbelti. Farþegi í framsæti hlaut einnig mikil meiðsli en hann notaði bílbelti.



Slysavettvangur í Skötufirði. Bifreiðin hafnaði útaf vinstra megin.

Að mati farþega bifreiðarinnar leit ökumaðurinn af veginum eitt augnablik og missti þá líklega, hægri hjólbarða út í kannt. Taldi hann að ökuhraði hafi ekki verið mikill í umrætt sinn. Samkvæmt hraðaútreikningum RNSA var bifreiðinni ekið á 109 +/- 13 km/klst hraða. Hámarkshraði á veginum er 90 km/klst.

Á slystað liggur Djúpvegur um rætur fjallshlíðar skammt ofan við fjöruborð. Vegurinn er með bundnu slitlagi og er óbrotin lína í þá akstursstefnu sem ökumaður ók. Vegurinn er 6,4 metra breiður með tæplega eins metra malarvegöxlum á hvorri hlið. Vegstikur eru í vegöxlum. Umhverfi vegarins er hættulegt báðum megin, sérstaklega fjörumegin.



Umhverfi vegar þar sem bifreiðin fór útaf. Horft móti akstursátt (norður).

Bifreiðin var af gerðinni Hyundai Getz og var hún skoðuð af bíltæknimanni eftir slysið. Ekkert athugavert kom fram í þeirri rannsókn sem bendir til að orsök megi rekja til ástands bifreiðarinnar fyrir slysið. Bifreiðin aflagaðist mikið í slysinu, sér í lagi þak hennar. Gluggapóstur vinstramegin að framan bognaði inn í ökumannsrýmið og rúður brotnuðu.

Niðurstöður áfengis- og lyfjamælinga leiddu í ljós að ökumaðurinn var ekki undir áhrifum áfengis eða ólöglegra lyfja er slysið varð. Í blóði ökumanns fannst svefnlyf, innan meðferðarmarka, sem hugsanlega hefur haft sljóvgandi áhrif á hann.

Orsakagreining

- Ökumaður var sennilega ekki með athygli við aksturinn þegar slysið varð, sem olli því að hann ók út fyrir slitlag.
- Ökumaður beygði of snögg aftur inn á slitlagið og missti þar með stjórn á ökutækinu.
- Ökumaður sem lést var ekki spenntur í öryggisbelti og kastaðist af þeim sökum út úr bifreiðinni.

Ábendingar

Viðbrögð ökumanns þegar annað hjólið fer út fyrir slitlag

Rannsóknarnefnd samgönguslysa hefur áður rannsakað alvarleg umferðarslys þar sem ökumaður missir hjól bifreiðar út af slitlagi. Hætta er á að hann missi endanlega stjórn á bifreiðinni þegar sveigt er snögglega inn á veginn aftur. Ef hjól fer út fyrir slitlag er mikilvægt að ökumenn reyni að halda ró sinni og beygja rólega inn á slitlagið sé þess kostur. Sjá nánar á vef Samgöngustofu:

<http://www.samgongustofa.is/umferd/fraedsla-og-oryggi/fraedsla/bifreidar-og-almenn-fraedsla/Hjol-ut-fyrir-vegbrun>

Notkun bílbelta

Þegar bifreið veltur á mikilli ferð kastast farþegar og lausir hlutir út til hliðanna í farþegarýminu. Algengt er að ökumenn og farþegar sem ekki eru spenntir í öryggisbelti kastist út úr bifreiðum við þessar aðstæður eins og átti sér stað í þessu slysi. Rannsóknarnefnd samgönguslysa áréttar mikilvægi þess að ökumenn og farþega noti alltaf bílbelti því þau eru mikilvægasti öryggisbúnaðurinn ef slys hendir.

Notkun svefnlyfja og ökuhæfi

Við rannsókn slyssins í Skötufirði kom fram að í blóði ökumanns var vottur af svefnlyfi sem ökumaður neytti í lækningalegum skömmtum. Rannsóknarnefnd samgönguslysa vill beina því til ökumanna sem þurfa að nota svefnlyf eða róandi lyfað staðaldri að huga að ökuhæfi sínu og vera meðvitaðir um að lyfin geta skert einbeitingu og haft sljóvgandi áhrif. Rannsóknir hafa sýnt að taka svefnlyfja eykur hættu á umferðarslysum sér í lagi ef þeirra er neytt í of miklu mæli.

Skýrslan var samþykkt af:

Geirprúður Alfreðsdóttir
Ásdís J. Rafnar
Brynjólfur Mogensen

Reykjavík 11.nóvember 2014
Fyrir hönd Rannsóknarnefndar samgönguslysa

Ágúst Mogensen, stjórnandi rannsóknar